

Júní 2004


HÆTTULEG EFNI Í VIÐARVÖRN

Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að stemma stigu við notkun eittraðra og hættulegra efna í vörum sem seldar eru á almennum markaði. Viðarvarnarefni, sem notuð eru til verja timbur gegn ýmsum meinverum svo sem sveppum og bakteríum, innihalda oft hættuleg og óæskileg efni. Þörfin fyrir viðarvörn er mest þegar viðurinn þarf að þola snertingu við raka.

Umhverfi og heilsu fólks getur stafað hættu af notkun skaðlegra efna. Markaðssetning viðarvarnarefna sem innihalda hættuleg efnasambönd hefur því verið takmörkuð og einnig notkun timburs með slíkri viðarvörn. Á síðustu árum hafa kröfur um notkun viðarvarnarefnanna kreó-sóts og kopar-króm-arsensaltlausna (CCA) verið hertar verulega á öllu Evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Reglugerðir um viðarvörn:

Nr. 903/2002: Um notkun og bann við notkun tiltekinna efna í málningu og viðarvörn, breytt með reglugerð nr. 612/2003



Frá 30. júní 2004 er bannað að markaðssetja timbur með CCA viðarvarnarefnum til almenningsnota.

CCA VARINN VIÐUR

GÆTIÐ ÞESS SÉRSTAKLEGA AÐ:

- Meðhöndla viðinn með varúð
- Notaða hlífðarfatnað
- Matur komist ekki í snertingu við viðinn
- Þvo hendur eftir meðhöndlun viðarins, einkum fyrir neyslu matar
- Brenna ekki úrgangsvið eða notaðan við heldur koma honum í spilliefnamóttöku.



TIMBUR MEÐ CCA VIÐARVÖRN NOTKUN HEIMIL Í:

- Burðarvirki í opinberum byggingum, í byggingum í landbúnaði, skrifstofubyggingum og í burðarvirki á iðnaðarsvæðum
- Brýr og undirstöður þeirra
- Bryggjur og brýr í ferskvatni og söltu vatni
- Hljódtálma
- Snjóflóðavarnargarða
- Öryggisgrindverk og tálma við þjóðvegi
- Jarðvegsstöðvirki
- Rafmagns- og símastaura
- Búfjárgirðingastaura úr barrviði

NOTKUN BÖNNUÐ:

- Í íbúðarhúsnæði og á heimilum sama hver tilgangurinn er
- Á nokkurn þann hátt að hætta sé á endurtekinni snertingu við húð manna
- Í sjó
- Í landbúnaði til annarra nota en í girðingar
- Ef hætta er á að meðhöndlaður viður komist í snertingu við vörur ætlaðar til neyslu

KOPAR-KRÓM-ARSEN

Notkun viðarvarnarefna með ólífrænum kopar-króm-arsensamböndum (CCA) hefur verið víðtæk undanfarna áratugi. Viðurinn er meðhöndlaður undir þrýstingi þannig að hann mettast af viðarvörninni. CCA veitir þannig betri vörn og kemur í veg fyrir myndun fúa og annarra skemmda af völdum örvera. Þessi aðferð gerir það einnig að verkum að dreifing viðarvarnarefna út í umhverfið er í lágmarki. Timbur varið með CCA er grænleitt á lit, en önnur og hættuminni viðarvörn getur einnig gefið timbri svipað yfirbragð.

ÁHRIF Á HEILSU OG UMHVERFI

Efnasambönd arsens og króms eru eitruð og geta valdið krabbameini. Þrátt fyrir að hættan á eitrun við notkun timburs með CCA viðarvörn sé hverfandi er engu að síður rétt að fara að öllu með gát og þvo sér vel eftir snertingu. Þess skal gætt að matvæli komist ekki í snertingu við CCA meðhöndlaðan við. Efnasambönd kopars, króms og arsens berast úr viðarvörninni út í umhverfið á löngum tíma og menga jarðveg og grunnvatn.

TAKMARKANIR

Arsensambönd hafa verið bönnuð í viðarvarnarefnum um árabíl nema í blöndum með kopar og krómi. Einungis fagfólk hefur heimild til að nota slíka viðarvörn ef það hefur viðeigandi búnað. Notkun timburs með CCA viðarvörn er takmörkuð frá 30. júní 2004 við iðnað, í burðarvirki og aðra notkun þar sem mikils öryggis er krafist. Óheimilt er því að markaðssetja slíkt timbur til almenningsnota og gildir bannið sér í lagi um mannvirki sem eru hluti af daglegu umhverfi fólks, svo sem um sólpalla og girðingar.

NOTKUN

Notagildi timburs með CCA viðarvörn er einna helst þar sem það kemst í snertingu við jarðveg og önnur viðarvörn nægir ekki til að viðhalda upprunalegum styrkleika timbursins. Bann við almennri notkun er ekki síst til þess að koma í veg fyrir að börn komist í snertingu við timbur með CCA-viðarvörn í umhverfi sínu, til dæmis á leiksvæðum. Nágrannalönd okkar hafa smám saman verið að draga úr notkun CCA-efna og í sumum löndum eru þau bönnuð með öllu. Verið er að þróa nýjar aðferðir til þess að verja viðinn með sambærilegum árangri og næst með CCA.

Frá og með 30. júní 2004 skal allt timbur sem meðhöndlað hefur verið með CCA vera merkt sérstaklega með eftirfarandi áletrun: „Eingöngu til nota í iðnaðarframleiðslu, inniheldur arsen“. Auk þess skal allur pakkaður viður sem settur er á markað merktur með eftirfarandi áletrun: „Notið hlífðarhanska við meðhöndlun viðarins. Notið rykgrimu og hlífðargleraugu við sögun eða aðra smíði úr viðnum. Úrgangsvið skal meðhöndla sem spilliefni og skila á viðurkennda móttökustöð“.

KREÓSÓT

Kreósót er samheiti yfir ýmsar eimingarafurðir úr kolatjöru og samanstendur af fjölda ólíkra efnasambanda. Kreósót er gul- eða brúnleitur, oliukenndur vökvi sem einkennist af sterkri tjörulykt. Efnið hefur áratugum saman verið notað sem viðarvörn, vegna þess að það er áhrifaríkt gegn skemmdum af völdum sveppa og skordýra, hefur langan endingartíma og gott viðnám gegn veðrun og áhrifum vatns. Kreósót hefur því verið mikið notað og er t.d. ennþá algengasta viðarvarnarefnið í Bandaríkjunum.

ÁHRIF Á HEILSU OG UMHVERFI

Kreósót er talið geta valdið krabbameini, skaðað erfðaefni manna og valdið skaða á umhverfinu. Hættulegustu efnin í kreósóti eru fjölrhinga arómatísk vetniskolefni (PAH, polycyclic aromatic hydrocarbons) og fenólsambönd. Eitt PAH efnanna er benzó[a]pýren sem hefur víðtæk heilsu- og umhverfisskaðleg áhrif. Þó að mögulegt sé að hreinsa megnið af hættulegustu efnunum úr kreósóti þarf mjög lítið magn af efnunum eins og benzó[a]pýren til að valda skaða. Efnin brotna hægt niður í náttúrunni og í ljós hefur komið þau safnast upp í vatnalífverum.

Þeim sem vinna við að fúaverja timbur er mest hætt við eitrun af völdum kreósóts. Það sama á við um þá sem búa eða starfa þar sem hægt er að komast í snertingu við kreósótvarið timbur.

TAKMARKANIR

Viðarvarnarefni sem innihalda kreósót og fleiri eimingarafurðir úr kolatjöru voru bönnuð á almennum markaði hér á landi árið 1998. Einnig var bannað að nota kreósót ef hætta var á að efnið geti komist í snertingu við húð manna og sett voru mörk á leyfilegt magn benzó[a]pýrens og vatnsleysanlegra fenóla í viðarvörninni. Einungis er leyft að selja efnið í umbúðum sem eru 20 lítrar eða stærri og skulu þær merktar sérstaklega. Árið 2002 var hert á þeim takmörkunum sem áður höfðu verið settar.

NOTKUN

Timbur meðhöndlað með kreósóti hefur m.a. verið notað í hafnar-mannvirki og símastaura. Notkun er nú eingöngu heimil í iðnaði og til annarrar notkunar fagmanna svo sem í tengslum við samgöngur, raforkuflutninga og fjaraskiptatækni og í mannvirki við hafnir og siglingaleiðir. Notkun timburs sem meðhöndlað hefur verið með kreósóti er hvorki leyfð innanhúss né annars staðar þar sem fólk getur komist í snertingu við það. Þetta á sérstaklega við um börn og því er algjörlega óheimilt að nota slíkt timbur í leiktæki eða á leikvöllum.



TIMBUR VARIÐ MEÐ KREÓSÓTI

NOTKUN HEIMIL Í:

- Tengslum við samgöngur
- Síma- og rafmagnsstaura
- Girðingar og grindverk
- Landbúnaði (trjáplöntustöðir)
- Mannvirki við hafnir og siglingaleiðir

NOTKUN BÖNNUÐ:

- Innanhúss
- Í leikföng
- Á leikvöllum
- Í húsgögn til nota utanhúss
- Í ílát sem ætluð eru til ræktunar
- Í almenningsgördum og skemmtisvæðum
- Í umbúðir sem geta komist í snertingu við hráefni eða vörur sem ætlaðar eru til neyslu eða fódurs
- Þar sem viður getur komist í snertingu við húð

FORÐAST SKAL:

- Óhóflega notkun viðarvarnarefna
- Notkun viðarvarnarefna sem geta skaðað umhverfi og heilsu fólks
- Snertingu við timbur varið með kreósóti eða CCA
- Brennslu á öllu meðhöndluðu timbri

NOTAÐ TIMBUR MEÐHÖNDLAÐ MEÐ CCA EÐA KREÓSÓTI

Fara þarf sérstaklega gætilega við alla meðhöndlun á notuðu timbri sem varið hefur verið með CCA eða kreósóti. Það má alls ekki brenna slíkt timbur á opnum eldi eins og t.d. á áramótabrennum. Mælt er eindregið gegn því að timbrið sé endurnotað af almenningi. Notuðu timbri skal skila til förgunar á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang og skal því fargað sem spilliefnum.

Ekki er talin nauðsyn á að skipta út notuðu timbri með CCA viðarvörn. Það á þó ekki við um hluti innanhúss eða þar sem hætta er talin á að viðurinn komist í snertingu við neysluvatn og matvæli. Ef saga á niður timbur með CCA viðarvörn eða nota það til smíða skal nota hanska, andlitsgrímu og hlífðargleraugu.

Eldra timbur sem meðhöndlað hefur verið með kreósóti getur enn innihaldið efnið í það miklu magni að það sé skaðlegt fólki við snertingu eða innöndun. Ráðlegt er að skipta út slíkum viði ef líkur eru á snertingu að staðaldri.

